



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Félags- og tryggingamálaráðuneytið  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2010.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögur nefndar um fullgildingu samnings  
Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**

**1. Almennt**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind tillaga nefndar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í febrúar 2008 var skipuð nefnd af þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra sem fékk það hlutverk að kanna hvort íslensk lög og reglugerðir uppfylltu kröfur sem lagðar eru á þau ríki sem fullgilda samninginn. Samningurinn tók gildi 3. maí 2008 eftir að tuttugu ríki höfðu fullgilt hann og hefur nefnd sérfræðinga um réttindi fatlaðs fólks á vegum Sameinuðu þjóðanna hafið störf, skv. 34. gr. samningsins. Samningurinn, ásamt valfrjálsri bókun við hann, var undirritaður af Íslands hálfu þann 30. mars 2007 en enn sem komið er hefur hann ekki verið fullgiltur hér á landi.

Mannréttindaskrifstofan lýsir ánægju sinni með þær fyrirætlanir að fullgilda samninginn. Engu að síður vill skrifstofan koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

**2. Þjóðbundnar mannréttindastofnanir**

Í 2. mgr. 33. gr. samningsins er kveðið á um að svokölluð þjóðbundin mannréttindastofnun verði sett á fót í aðildarríkjum sem hefði eftirlit með framkvæmd samningsins sem og annarra alþjóðasamninga á sviði mannréttinda. 2. mgr. 33. gr. hljóðar svo:

Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á rammaáætlun, m.a. einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að greiða fyrir, vernda og fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Samningsaðilarnir skulu, þegar þeir tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi innlendra stofnana á sviði verndar og eflingar mannréttinda.

Árið 2008 gaf Mannréttindaskrifstofan út, sem hluta af ritröð sinni, ritið *Þjóðbundnar mannréttindastofnanir*<sup>1</sup> þar sem ljósi er varpað á þjóðbundnar mannréttindastofnanir og grein gerð fyrir stöðu slíkra stofnana á Íslandi, sérstaklega Mannréttindaskrifstofu Íslands. Saga þjóðbundinna mannréttindastofnana er rakin og helstu tegundum þeirra er lýst. Sérstaklega er fjallað um mannréttindastofnanir á Norðurlöndum og þróunina á þeim vettvangi innan Evrópu. Eftirfarandi kafli er unninn upp úr þessu riti. Ritið er hægt að nálgast á Mannréttindaskrifstofu Íslands.

<sup>1</sup> *Þjóðbundnar mannréttindastofnanir*. Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2008.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Í apríl árið 2007 kynnti utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, stefnu Íslands í mannréttindamálum. Í ræðu sem ráðherrann flutti af því tilefni var fjallað um mikilvægi þess að koma á fót íslenskri mannréttindastofnun í samræmi við svokallaðar Parísarreglur Sameinuðu þjóðanna sem samþykktar voru árið 1991. Parísarreglurnar kveða á um grunnskilyrði þess að stofnanir teljist þjóðbundnar stofnanir, m.a. um æskilegt valdsvið, umboð, uppbyggingu og starfsaðferðir stofnana. Eitt mikilvægasta skilyrðið sem Parísarreglurnar setja er að þjóðbundin mannréttindastofnun skuli fjármögnuð af ríkinu og henni fengið sem víðast umboð í stjórnarskrá eða með lögum þar sem skýrt sé kveðið á um hæfi og vald stofnunarinnar til að vernda og stuðla að mannréttindum í landinu.

Þótt þjóðbundnar mannréttindastofnanir séu í grunninn ríkisstofnanir eiga þær samkvæmt Parísarreglunum að njóta sjálfstæðis frá ríkisvaldinu. Til að tryggja sjálfstæði skal kveðið á um sjálfsforræði og nægjanlegt fjármagn til þess að stofnunin geti ráðið starfsfólk og átt sér viðunandi starfsstöð. Fjármögnun stofnunarinnar má ekki vera þannig háttáð að hún hefti sjálfstæði hennar og haga skal ráðningu fulltrúa hennar á þann hátt að sjálfstæði sé tryggt. Jafnframt verða stofnanirnar að geta starfað á skilvirkan og óhlutdrægan hátt án þess að þurfa að óttast afskipti ríkisvaldsins.

Parísarreglurnar mælast til þess að þjóðbundnar mannréttindastofnanir byggi á fjölræði. Í þessu felst að ólíkir aðilar komi að starfinu, s.s. fulltrúar frjálsra félagasamtaka, trúfélaga, þjóðþings, háskóla, áheyrnarfulltrúar frá ríkisstofnunum og aðrir sérfræðingar. Fjölræðið á að stuðla að því að stofnunin hafi yfirsýn yfir mannréttindamál í samfélaginu ásamt því að efla sjálfstæði stofnunarinnar. Jafnframt á fjölræðið að tryggja að stofnunin vinni starf sitt á hlutlausan hátt, án þess að hallað sé á nokkurn samfélagshóp.

Hlutverk þjóðbundinnar mannréttindastofnunar samkvæmt Parísarreglunum er í stuttu máli sjöþætt:

1. Að vera stjórnvöldum til ráðgjafar á öllum sviðum er varða eflingu og vernd mannréttinda. Þessa ráðgjöf skulu stofnanirnar veita í formi skýrsla, álitsgerða og tilmæla um hvaðeina er varðar mannréttindi. Stofnunin getur ákveðið að birta þessi skjöl. Stofnunin skal:
  - a. Fjalla um alla löggjöf, lagafrumvörp og stjórnsýslufráfarir sem varðar mannréttindavernd.
  - b. Taka fyrir þau mannréttindabrot sem hún kýs.
  - c. Fjalla um ástand mannréttindamála í landinu.
  - d. Vekja athygli stjórnvalda á mannréttindabrotum um landið allt, leggja fram tillögur að úrbótum og gera athugasemdir við viðbrögð stjórnvalda.
2. Að stuðla að og tryggja að löggjöf og stjórnsýsla séu í samræmi við alþjóðlega mannréttindasamninga sem ríkið á aðild að og að réttindi sem þar er kveðið á um séu virt.
3. Að hvetja stjórnvöld til að fullgilda alþjóðlega mannréttindasamninga og tryggja að réttindi sem þeir kveða á um séu virt.
4. Að leggja til upplýsingar í ríkjaskýrslur til eftirlitsstofnana Sameinuðu þjóðanna og svæðastofnana og skila álit, sem ekki vegur að sjálfstæði stofnunarinnar.
5. Að vera í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar, aðrar svæðastofnanir og þjóðbundnar stofnanir annarra landa sem starfa að eflingu og vernd mannréttinda.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

6. Að aðstoða við mótun mannréttindakennslu og rannsókna og taka þátt í framkvæmd þeirra á öllum skólastigum og atvinnulífinu.
7. Að upplýsa og fræða almenning um mannréttindamál. Þjóðbundnum stofnunum ber einnig að stuðla að mannréttindaumræðu í fjölmiðlum og aðgerðum til að vinna gegn mannréttindabrotum, einkum mismunun, með sérstakri áherslu á kynþáttamisrétti.

Frá því að Parísarreglurnar voru samþykktar árið 1991 hefur mikilvægi þjóðbundinna stofnana verið ítrekað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í ályktun heimsþings um mannréttindi, sem fram fór í Vín árið 1993, var mikilvægi þjóðbundinna mannréttindastofnana áréttað og hvatt til þess að fleiri slíkum stofnunum yrði komið á fót ásamt því að styrkja starf þeirra sem þegar væru til staðar. Eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna hafa tekið í sama streng. Nefnd sú sem fylgist með framfylgd alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi telur þjóðbundnar stofnanir geta gegnt lykilhlutverki við að efla mannréttindi og viðurkenningu á því að mannréttindi séu jafngild og ódeilanleg. Í 14. gr. alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis er mælt með því að sett verði á fót stofnun sem hafi m.a. það hlutverk að taka á móti kvörtunum um kynþáttamisrétti og nefndin sem fylgist með framfylgd samningsins hefur hvatt aðildarríkin til að setja á fót nefndir eða aðrar viðeigandi stofnanir sem geti stuðlað að því að réttindi sem kveðið er á um í samningnum verði virt. Nefndin sem fylgist með framfylgd samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum hvatti ríki til að setja á fót landsstofnun þegar árið 1993 og Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur, í ítarlegum tilmælum, áréttað að það sé hluti af samningsskyldu aðildarríkja Barnasáttmálans að koma á fót þjóðbundnum stofnunum, í samræmi við Parísarreglurnar.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun kveður þó fastast að orði sbr. það sem að framan sagði um 2. mgr. 33. gr. Nefnd um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem félags- og tryggingamálaráðherra skipaði árið 2008, leggur til í skýrslu sinni að íslensk stjórnvöld stofni til samstarfshóps sem hefði það hlutverk að kanna möguleikann á því að stofnuð yrði innlend þjóðbundin stofnun á Íslandi í samræmi við Parísarreglurnar. Í framhaldi yrði hafinn undirbúningur að stofnun slíkrar stofnunar sem hefði eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Af ofangreindri umræðu er ljóst að Sameinuðu þjóðirnar gera ráð fyrir þjóðbundinni mannréttindastofnun innan aðildarríkja. Þar af leiðandi virðist brýnt að sett verði á fót slík stofnun á Íslandi, sérstaklega í ljósi þess að íslensk stjórnvöld hafa í hyggju að fullgilda saminginn um réttindi fólks með fötlun en líkt og áður kom fram skyldar hann aðildarríki til að setja á fót þjóðbundna mannréttindastofnun sem hefur eftirlit með framfylgd samningsins. Undanfarin ár hefur þrýstingur aukist á íslensk stjórnvöld að þau setji á fót slíka stofnun, bæði frá Sameinuðu þjóðunum sem og Evrópuráðinu. Hjá báðum þessum stofnunum er mælt til þess að stjórnvöld setji á fót eða styrki starf stofnana sem þegar eru fyrir hendi, til þess að tryggja að í landinu sé starfandi óháð og fjárhagslega sjálfstæð mannréttindastofnun. Á fundi með sendinefnd Íslands í mars árið 2005 fjallaði Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um þá ákvörðun yfirvalda að fella fyrirvaralaust niður stuðning sinn við Mannréttindaskrifstofu Íslands og greindi frá því áliti sínu að breytt fyrirkomulag fjárframlaga til skrifstofunnar myndi vega að starfi hennar og sjálfstæði. Í ágúst sama ár tók nefndin



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sem fylgist með framfylgd alþjóðsamnings um afnám alls kynþáttamisréttis undir áhyggjur Mannréttindanefndarinnar. Í lokaathugasemdum sínum til íslenskra stjórnvalda hvatti nefndin stjórnvöld til þess að halda áfram samstarfi við skrifstofuna og tryggja fjármögnun hennar. Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins lýsti áhyggjum sínum þegar íslensk stjórnvöld hættu stuðningi við skrifstofuna og mæltist til þess að stjórnvöld efldu starf Mannréttindaskrifstofunnar á ný, sérstaklega í ljósi þess að hér hefur ekki verið stofnsett þjóðbundin mannréttindastofnun. Hvatti hann til þess að stofnsett yrði á Íslandi landsstofnun en einnig gæti komið til greina að styðja starf Mannréttindaskrifstofunnar til að hún gæti gegnt því hlutverki. Nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum og skorti á umburðarlyndi (ECRI-nefnd) lýsti jafnframt yfir áhyggjum sínum af því að stuðningi hefði verið hætt við skrifstofuna og mæltist til þess að úr því yrði bætt. Í lok árs 2007 brugðust stjórnvöld við ofangreindum tilmælum því árið 2008 hófst fjárstuðningur ríkisins á ný og hefur sá fjárstuðningur, upp á 10 milljónir króna, haldist síðan. Um óformlegt samkomulag er að ræða og því er mikil óvissa til staðar um hvaðan fjármunir koma fyrir skrifstofuna.

Nýlega komu út lokaathugasemdir nefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis þar sem fjallað var um 19. og 20. skýrslu Íslands um framkvæmd samningsins. Nefndin lagði til að íslensk stjórnvöld settu á stofn þjóðbundna mannréttindastofnun og lagði til að nafni Mannréttindaskrifstofu Íslands yrði breytt í Mannréttindaráð Íslands til að viðurkenna skrifstofuna sem þjóðbundna mannréttindastofnun. Þrátt fyrir framangreint hafa stjórnvöld ekki skipað skrifstofunni sess í íslenskri stjórnskipan með lagasetningu og því fengi skrifstofan líkast til ekki fulla viðurkenningu frá alþjóðanefndinni sem þjóðbundin stofnun.

Þegar verkefni Mannréttindaskrifstofu Íslands eru skoðuð er ljóst að starf hennar samræmist að mestu leyti Parísarreglunum. Skipulag skrifstofunnar er í samræmi við Parísarreglurnar hvað varðar sjálfstæði og fjölræði, samstarf við borgaralegt samfélag, fjölmiðla og opinbera aðila. Sé litið til verkefna skrifstofunnar og þess að hún hefur að mestu leyti starfað með fulltingi stjórnvalda undanfarin ár, þ.e. fengið fjárframlög frá ríkinu, má segja að skrifstofan hafi í raun gegnt hlutverki þjóðbundinnar mannréttindastofnunar um nokkurt skeið. Engu að síður hefur hún ekki verið stofnuð með lögum líkt og Parísarreglurnar gera ráð fyrir. Skrifstofan hefur frá upphafi komið fram fyrir Íslands hönd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hjá Evrópuráðinu. Jafnframt því er skrifstofan þátttakandi í Evrópusamstarfi og er í Evrópusamtökum mannréttindastofnana. Brýnt er að skrifstofan hafi fast og fullnægjandi rekstrarfé og þurfi ekki að treysta á styrki og fjárframlög frá fyrirtækjum og velunnurum. Fast rekstrarfé þarf til að unnt sé að skipuleggja starfsemi skrifstofunnar fram í tímann og með því er tryggt að verkefni hennar öðlist framhaldslíf. Ótryggur fjárhagur getur gert það að verkum að mikill tími fari í fjáröflun til að standa straum af daglegum rekstri sem kemur niður á þeim tíma sem annars væri hægt að nýta til beins mannréttindastarfs.

Mannréttindaskrifstofan vill koma þeim tilmælum á framfæri að stofnuð verði þjóðbundin mannréttindastofnun á Íslandi í samræmi við Parísarreglurnar til að uppfylla skilyrði 2. mgr. 33. gr. samningsins um réttindi fólks með fötlun. Mannréttindaskrifstofan leggur fram þekkingu sína og reynslu til samstarfs um stofnun slíkrar stofnunar. Skrifstofan hefur varið mikilli vinnu á síðastliðnum árum í að byggja upp víðáttumikið tengslanet og stofnanabundna þekkingu. Meðal annars hefur hún



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

komið upp sérhæfðu bókasafni sem og vefsetri um mannréttindamál. Mannréttindaskrifstofan leggur til að annað hvort verði starfsemi skrifstofunnar eins og hún er í dag breytt á þann hátt að hún uppfylli ákvæði Parísarreglnanna eða að skrifstofan verði lögð niður í núverandi myndi og ný stofnun taki við á grundvelli reglnanna. Í báðum tilvikum væri stuðst við þekkingu og reynslu Mannréttindaskrifstofunnar og byggt á þeim grunni sem hún hefur varið mörgum árum í að byggja upp.

### 3. Réttindagæsla fatlaðra

Starfshópur um réttindagæslu fyrir fatlað fólk sem félags- og tryggingamálaráðherra skipaði árið 2007 gaf út skýrslu þar sem dregnar voru fram þær greinar samningsins um réttindi fatlaðs fólks sem hópurinn taldi að þyrfti að bregðast við. Hópurinn fjallaði sérstaklega um 12. gr. samningsins sem kveður á um réttarstöðu fatlaðra einstaklinga til jafns við aðra. Álit starfshópsins var það að til að uppfylla ákvæðið þurfi að koma til persónulegir talsmenn fatlaðra sem hefðu það hlutverk að gæta réttar fatlaðra einstaklinga og „aðstoði við beitingu gerhæfis þeirra sem eiga í erfiðleikum með að gera það sjálfir fötlunar sinnar vegna.“

Mannréttindaskrifstofan tekur undir þetta sjónarmið starfshópsins og telur það skref í átt að réttarbótum varðandi málefni fatlaðs fólks. Persónulegir talsmenn hefðu þannig lagalega stöðu til að fara með mál fatlaðs fólks og hefðu ákveðið eftirlit með persónulegum hagsmunum þess, t.d. fjárhagslegum. Í 4. mgr. 12. gr. segir í lokamálsliði að gæta beri „meðalhófs við gerð verndarráðstafana að því marki sem slíkar ráðstafanir hafa áhrif á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.“ Mikilvægt er að verndarráðstafanir gangi ekki lengra en þörf er á og að þær skerði frelsi einstaklingsins eins lítið og mögulegt er. Í lögfræðislögum, nr. 71/1997, er heimild til lögræðissviptingar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í 12. gr. laganna er kveðið á um að „svipting lögræðis [skuli] ekki ganga lengra en dómari telur þörf á hverju sinni.“ Samkvæmt 12. gr. samningsins á alltaf að fara þá leið sem skerðir réttindi einstaklingsins sem minnst. Persónulegir talsmenn ganga skemur en svipting lögræðis og því myndu ákvæði um slíka talsmenn hugsanlega uppfylla meðalhófsákvæði 12. gr. samningsins betur en lögræðissvipting, sbr. 12. gr. lögræðisлага. Hins vegar ef til lögræðissviptingar kemur þurfa dómarar að hafa samninginn til hliðsjónar og dómaframkvæmd má ekki stangast á við sjónarmið sem af samningnum leiðir.

Í 14. gr. samningsins, sem ber yfirskriftina „frelsi og öryggi einstaklingsins“ er kveðið á um í 1. mgr. að aðildarríkin skuli tryggja að fatlaðir „... séu ekki sviptir frelsi sínu með ólögmetum hætti eða samkvæmt geðþóttaákvörðun og að frelissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelissviptingu.“ Í skýrslu starfshópsins segir að persónulegur talsmaður fatlaðra hefði mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd skuldbindinga 14. gr. Mannréttindaskrifstofan tekur undir þessi orð starfshópsins og telur að persónulegir talsmenn geti stuðlað að verndun frelssis og öryggis fatlaðra einstaklinga.

Í skýrslu fyrrnefnds starfshóps kemur fram að árið 2004 hafi félagsmálaráðuneytið óskað eftir því að Landssamtökin Þroskahjálp ynnu greinargerð um nauðung sem fólk með þroskahömlun yrði fyrir frá



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

hendi starfsfólks á sambýlum. Tillögur starfshópsins voru m.a. þær að tekið verði upp fyrirkomulag persónulegra talsmanna að norrænum hætti. Af framangreindu virtu má telja víst að samstaða er til staðar um mikilvægi persónulegs talsmanns við réttindagæslu fatlaðra einstaklinga, ekki einungis varðandi þau ákvæði sem talin eru upp að framan heldur varðandi framkvæmd alls samningsins, t.d. 5. gr. um bann við mismunun, 15. gr. um bann við pyndingum og 17. gr. um friðhelgi einstaklingsins. Þar af leiðandi ítrekar Mannréttindaskrifstofan að hún tekur undir tillögur starfshópsins um að persónulegir talsmenn komi að málefnum fatlaðs fólks líkt og að framan er rakið.

Í skýrslu starfshóps um réttindagæslu fyrir fatlað fólk gerir hópurinn tillögur að uppbyggingu réttindagæslukerfis í stað þess sem nú er. Auk persónulegra talsmanna telur hópurinn að setja þurfi á stofn embætti svæðisbundinna réttindagæslumanna, sem hefðu almenna og sértæka réttindagæslu og eftirlit með höndum, og réttindavakt félags- og tryggingamálaráðuneytis vegna almennrar réttindagæslu, eftirlits og þróunarstarfs. Hópurinn setur tillögur sínar fram í formi draga að lagafrumvarpi. Mannréttindaskrifstofan tekur undir þessar tillögur starfshópsins og telur mikilvægt að núverandi réttindagæslukerfi sé betrumbætt til að framfylgja ákvæðum samningsins um réttindi fatlaðra betur.

#### 4. Nauðung

Starfshópur um réttindagæslu fyrir fatlað fólk leggur einnig til í skýrslu sinni að litið verði til ákvæða samningsins um að draga úr nauðung við fatlað fólk. Í skýrslunni kemur fram að nauðung gagnvart fötluðu fólki hafi viðgengist um allan heim frá örófi alda. Mikil vitundarvakning hafi verið á undanförunum árum og áratugum og ýmsar breytingar átt sér stað, t.d. niðurlagning stofnana. Í skýrslu starfshóps Þroskahjálpar frá 2004 kemur fram að nauðsynlegt sé að setja lög sem taki á málum er varða nauðung. Í umsögn Mannréttindaskrifstofunnar um þá skýrslu segir að gögn bendi til að á „íslenskum stofnunum sé nauðung ekki aðeins beitt í tilvikum sem kalla mætti neyðarrétt heldur einnig þannig að fyrir henni sé ekki stoð í núgildandi löggjöf.“

Starfshópurinn frá 2004 telur að setja eigi lög um nauðung hér á landi. Að mati hópsins er gagnlegt að líta til nágrannalanda okkar og sækja í reynslu þeirra og þekkingu. Telur hann norsku leiðina, með aðlögun að íslensku stjórnkerfi og starfsháttum, henta best hér á landi. Í Noregi var settur sérstakur kafli í þarlend félagsþjónustulög sem fjallar um nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Þar er kveðið á um þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar til að unnt sé að beita nauðung, t.d. hvað varðar ástæður og menntun þeirra sem nauðung beita.

Mannréttindaskrifstofa Íslands tekur undir tillögur starfshópsins frá 2004 og telur mikilvægt að ákvæði um nauðung verði lögfest til að eyða allri óvissu um undir hvaða kringumstæðum megi beita nauðung gagnvart fötluðu fólki og að hvaða marki. Við setningu slíkra reglna er nauðsynlegt að líta til ákvæða íslenskra mannréttindalaga sem og annarra alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

## 5. Réttur til menntunar

Í 24. gr. samningsins um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um rétt fatlaðra einstaklinga til menntunar. Í ákvæðinu felst að fatlað fólk eigi rétt á viðeigandi hagræðingum svo það hafi jafnan rétt til menntunar og án þess að því sé mismunað. Til að uppfylla skilyrði 24. gr. þurfa kennarar að búa yfir ákveðinni þekkingu og því er mikilvægt að aðildarríki samningsins geri þær ráðstafanir sem til þarf svo að fatlað fólk hafi aðgang að menntun á öllum skólastigum. Mannréttindaskrifstofa Íslands leggur til að tryggt verði að kennarar búi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til að þeir geti veitt fötluðum einstaklingum þá kennslu sem hentar hverjum og einum. Réttur til menntunar telst til grundvallarmannréttinda og því er mikilvægt að stjórnvöld tryggi að fatlaðir einstaklingar hafi aðgang að menntun líkt og ófatlaðir.

Að auki hvetur Mannréttindaskrifstofan til almennrar fræðslu og vitundarvakningar á meðal almennings um réttindi fatlaðra skv. samningnum. Slík fræðsla gæti farið fram í formi opinna málþinga, blaðaumfjöllunar og fleira.

## 6. Lokaorð

Líkt og fram kom í inngangi þessarar umsagnar lýsir Mannréttindaskrifstofa Íslands ánægju sinni með þær fyrirætlanir stjórnvalda að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötluðum. Skrifstofan telur fullgildinguna til þess fallna að vernda mannréttindi fatlaðra einstaklinga og vonast til að hún nái fram að ganga sem fyrst.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Kolbrún Birna Árdal

lögfræðingur